

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### **Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld (692. mál)**

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld. Þetta frumvarp tengist öðru máli sem er til meðferðar hjá alþingi sem er frumvarp til laga um stjórn Norðaustur-Atlantshafsmarkríl (691. mál).


Markmið frumvarpsins um breytingar á lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012 er í fyrsta lagi að veiðigjald verði ákveðið til þriggja ára á grundvelli sömu aðferðar og viðhöfð var við ákvörðun gjaldanna fyrir yfirstandandi fiskveiðiár 2014/2015, í öðru lagi að ákveðið verði tiltekið lágmarksveiðigjald á alla stofna, í þriðja lagi að veiðigjaldsnefnd verði falið að reikna framlegð við veiðar á einstökum nytjastofnum og afkomiúgildi, í fjórða lagi að sérstakt álag verði lagt á veiðigjald í makríl, í fimmta lagi að veiðigjald verði innheimt í staðgreiðslu, í sjötta lagi að fyrirmæli um tímabundna lækkun veiðigjalds vegna kvótakaupa taki nokkrum breytingum, í sjöunda lagi að fyrirmæli um afslátt frá veiðigjaldi vegna smærri útgerða taki minni háttar breytingum, í áttunda lagi að tekið verði upp veiðigjald á hvalveiðar, og í níunda lagi að upplýsingum um kostnað við veiðar verði safnað með skattframtölum.

Markmið að baki lagasetningu um veiðigjöld á að hvíla á þremur meginforsendu: Að fiskimiðin skulu vera sameign þjóðarinnar, að það beri að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og að þjóðin beri sanngjarna hlutdeild í afrakstri þessara auðlinda. Ekki er gætt að þessum sjónarmiðum í fyrirbyggjandi frumvarpi.

Nauðsynlegt er að alþingi hagi veiðigjöldum þannig að vel rekin fyrirtæki geti staðið undir þeim og jafnframt skilað eigendum sínum ásættanlegum arði. Einnig þarf að tryggja að þjóðin, eigandi fiskimiðanna fái ásættanlegan arð af sinni auðlind. Þá þarf veiðigjald einnig að standa undir nauðsynlegum rannsóknum á ástandi og stærð stofna svo tryggja megi sjálfbæra nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum.

Þá er mikilvægt að gögn og upplýsingar, sem þarf til að reikna framlegð við veiðar á einstökum nytjastofnum og afkomiúgildi, endurspegli stöðuna innan ársins og séu áreiðanleg.

F.h. Reykjavíkurborgar



*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
*ffjármálastjóri*